



Bífreiðaskoðun
Hólmaslóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is



Tröllasöngleikur í Leikskólanum

Elstu börnin í Leikskóla Seltjarnarness æfðu upp og sýndu Tröllasöngleik sem sýndur var í tilefni af Degi leikskólanna, 6. febrúar sl. Foreldrar og aðstandendur mættu og var góður rómur gerður að leik- og innlifunarhæfileikum þessa unga framtíðarfólks.

www.borgarblod.is



Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080

Verslum við litla manninn



VEISLUBAKKAR
PANTANIR Í SÍMA
517 3366
WWW.SUSHIMIDJAN.IS



sushimiðjan

RESTAURANT
VIÐ SMÁBÁTAHÖFINA
OPIÐ TIL 22:00



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Islandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Frábær aðstaða til heilsuræktar

Íþróttamiðstöðin á Seltjarnarnesi með Sundlaug Seltjarnarness og World Class við hliðina hefur slegið í gegn á meðal fólks á Seltjarnarnesi og í Vesturbæ Reykjavíkur. Þessi heilsulind dregur til sín fjölda fólks á hverjum degi. Auk heilsueflingarinnar virkar þessi samstæða heilsu og hreyfanleika einnig líkt og félagsmiðstöð og jafnvel skemmtistaður. Auk þess að næra líkamann með heilbrigðri hreyfingu hittist fólk, spjallar saman og deilir sjónarmiðum á mönnum og málefnum á hverju tíma. Fólk nýtur þess að slaka á frá erli dagsins og láta sér líða vel í hinu heilsuvæna umhverfi og styrkja líkama og efla huga. Frá þessum stað er einnig stutt í alla þjónustu sem gerir fólki auðveldara fyrir.

Á álagstímum má sjá að flest eða öll bílastæði eru nýtt. Nokkuð hefur verið kvartað undan því að erfitt sé að leggja bílum við íþróttamiðstöðina þegar líður að síðdegi. Í því sambandi má benda á bílastæði sem aðeins eru í um 100 metra fjarlægð á horni Suðurstrandar og Nesvegjar og eru lítið sem ekkert nýtt á sama tíma. Fólki sem ástundar hreyfingu og heilsueflingu í frábærri aðstöðu á Seltjarnarnesi ætti ekki að reynast erfitt að rölta þennan spól að íþróttamiðstöðinni.

K



Hjúkrunarheimilið við Safnatröð?

Í athugun er að reisa hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi á lóð við Safnatröð skammt frá lóð Lækn-ingaminjasafnsins. Arkitektar hjúkrunarheimilisins telja kostinn við þá staðsetningu felast í því hversu rúm lóðin er og að hæðarmunur innan lóðarinnar sé tiltölulega lítill.

„Þetta býður upp á tækifæri til að reisa hjúkrunarheimilið sem byggingu á einni hæð, sem reyndist ekki mögulegt á upprunalegri lóð sökum þrengsla og landhalla. Auk þess býður lóðin við Safnatröð upp á fjölbreyttari möguleika varðandi aðkomu að byggingunni, en bæjarstjórn mun taka ákvörðun um þessa staðsetningu á næstu vikum. Ef þessi nýja staðsetning verður samþykkt er áætlað að hönnunarvinna hefjist þegar í stað. Framkvæmdir verða boðnar út í kjölfarið en gert er ráð fyrir að nýtt hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi verði tilbúið seinni hluta ársins 2014,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri í samtali við Nesfréttir.

Ráðgert var að byggja heimil-

ið í jaðri Valhúsa hæðar við kirkjuna en á fundi sínum 7.12. 2012 bókaði Skipulags- og mannvirkjanefnd að óbreytt tillaga arkitekta félli ekki að byggðamynstri og götumynd svæðisins og skyggndi á ásýnd kirkjunnar. Samkvæmt samningi við velferðaráðuneytið frá 30.12.2010 er kveðið á um 30 rýma hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi og samkvæmt samningnum mun Seltjarnarnesbær leggja heimilinu til lóð og annast hönnun og byggingu þess.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

552-2440
TAXI BBS TAXI
Borgarbilastöðin ehf.

20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja miðað við staðgreiðslu

Nesbúinn



Nú ætla ég að koma mér í form!

Glæsiíbúðir á Seltjarnarnesi

Allar nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofu okkar Síðumúla 21
sími 588-9090 – skráum nöfn áhugasamra



Hrólfsskálamelur 10-18

Glæsilegt þriggja hæða lyftuhús með frábæru útsýni. Alls 30 íbúðir. Staði í bílageymslu.

Um er að ræða 30 íbúðir á 1., 2. og 3. hæð. Þar af þrjár endaíbúðir með stórum svölum. Íbúðirnar eru tveggja til fimm herbergja og stærð 90-230 fm.

Allar íbúðir eru með svölum ýmist til suðurs eða vesturs.



Nýbyggingin er staðsett sunnan megin á Seltjarnarnesi með mjög góðu útsýni til suðurs yfir flóann. Stutt er í skóla, verslanir, sund, íþrótt- og tómstundamannvirki og heilsugæslu.

Afhending er um mitt ár 2014

 **EIGNAMIÐLUN**

588 9090 • www.eignamidlun.is • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

Frá 1957
Sala fasteigna í **55** ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

 FÉLAG FASTEIGNASALA



Sverrir Kristinsson,
framkvæmdastjóri,
lögg. fasteignasali

Guðmundur
Sigurjónsson,
lögfræðingur,
lögg. fasteignasali

Þorleifur St.
Guðmundsson,
lögg. fasteignasali

Kjartan
Hallgeirsson,
lögg. fasteignasali

Geir Sigurðsson,
lögg. fasteignasali

Hilmar Þór
Halsteinnsson,
lögg. leigumiðlari,
lögg. fasteignasali

Magnús Geir
Pálsson,
söluamaður

Þórarinn M.
Friðgeirsson,
lögg. fasteignasali

Gunnar Helgi
Einarsson,
lögg. fasteignasali

Reynir Björnsson,
lögg. fasteignasali

Jóhanna
Valdimarsdóttir,
gjaldkeri

Elin Þorleifsdóttir,
ritari

Anna M.
Sigurðardóttir,
ritari

Guðrún Magna
Árnadóttir,
ritari

Lækningaminjasafn Íslands:

Ábyrgðarsafn í þágu þjóðarinnar



Eins og kunnugt er úr fréttum rann samningur um Lækningaminjasafnið út þann 31. desember 2012. Meirihluti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar tók þá ákvörðun, sem helgast af þróun og stöðu málsins, að standa ekki að endurnýjun gildandi samnings hvað varðar rekstur safnsins. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir að bærinn muni því ekki bera ábyrgð á rekstri þess frá framangreindum tíma.

Ásgerður segir í samtali við Nesfréttir að fram að hruni hafi verið bjartir tímar á Íslandi er síðar hafi reynst talsýn. Hrunið hafi skapað mikla erfiðleika í rekstri bæjarfélagsins og fjárhagsstaðan þrændist svo um munaði. „Meirihluti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar telur rekstur Lækningaminjasafnsins eiga að vera á hendi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, enda sé um að ræða ábyrgðarsafn í þágu þjóðarinnar allrar. Þá er einnig ljóst að það rekstrarframlag ráðuneytisins sem tilgreint er í samningnum mun aðeins duga fyrir litlum hluta af þeim heildarkostnaði sem fyrir-sjáanlegur er við rekstur jafn sérhæfðs safns og Lækningaminjasafns og af þeirri stærðargráðu sem hér

um ræðir. Kostnaður umfram þetta framlag myndi því að öllu óbreyttu falla á Seltjarnarnesbæ.“ Ásgerður segir að náðst hafi samkomulag um náíð samráð og samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið um að flytja ábyrgðina af rekstri Lækningaminjasafns Íslands yfir á ráðuneytið en einnig hafi bærinn óskað eftir fundi með ráðuneytinu við fyrsta tækifæri til að kanna hvort finna megi þeirri byggingu við Nesstofu sem hefur verið ætluð undir Lækningaminjasafn Íslands verðugt hlutverk áður en framkvæmdum verður haldið áfram og lokið. Í framhaldi af þessum viðræðum verður tekin ákvörðun um hvort gerður verði á hinum breyttu forsendum nýr samningur milli aðila um málið, þ. á m. skiptingu mögulegs kostnaðar vegna framkvæmda, sem taldar yrðu nauðsynlegar. Það hvílir þungt á okkur fulltrúum í bæjarstjórn nú þegar við sjáum fram á að ekkert verði af fyrri áformum um nýbyggingu safnsins að vel takist um lyktir málsins í heild. Munum við með hagsmunum bæjarbúa Seltjarnarness fyrst og fremst að leiðarljósi leggja okkur fram um að svo megi verða,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.



Barnafjölskyldur ánægðar á Nesinu

Seltjarnarnesbær fær 4,2 af 5 mögulegum þegar Capacent spurði um þjónustu við barnafjölskyldur. Bærinn er þar í fyrsta sæti af öllum sveitarfélögum landsins, samkvæmt árlegri könnun Capacent. „Niðurstaðan undirstríkar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er okkur hvatning að halda áfram á sömu braut,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

Samkvæmt könnuninni eru um 95% íbúa Seltjarnarnesbæjar ánægðir með búsetuskilyrði bæjarfélagsins. Bærinn fær einkunnina 4,5 af 5 mögulegum og er með aðra hæstu einkunn af öllum sveitarfélögum í landinu. Íþróttir, menning og málefni aldraðra skora hátt og eru um 91% bæjarbúa mjög ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar og er Seltjarnarnesbær þar í öðru sæti á landsvísu. Menningarmál og umhverfismál fá einnig góða umsögn bæjarbúa. Í menningarmálum fær bærinn 4,0 af 5 mögulegum og er með hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Umhverfismálin skora 4,3 af 5 mögulegum og er bærinn með aðra hæstu einkunnina af sveitarfélögum í landinu. Í þjónustu við fatlaða

þykir aðeins eitt sveitarfélag á landinu standa frammar Seltjarnarnesi. Þá skorar Seltjarnarnesbær hæst á landsvísu í þjónustu við aldraða. Bærinn hefur kappkostað að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við eldri borgara. Markmiðið er að aldraðir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu félagasamtaka eldri borgara.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir mála fyrir bæjarbúa. Að baki þeirri aðferðafræði liggja sú sannfæring að samstarfið skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri. Ásgerður segir miklu skipta að vel takist til með skólastigin sem eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Þar má lesa uppörvandi skilaboð úr könnun Capacent. Um 89% íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með leik- og grunnskóla bæjarins og er Nesið þar í öðru sæti meðal sveitarfélaga landsins. „Seltjarnarnesbær leggur áherslu á að Nesið verði áfram leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísu, þar sem lögð er áhersla á jöfn tækifæri, árangur og vellíðan,“ segir Ásgerður að lokum.

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.



TÉKKLAND

Bifreiðaskoðun

Tékkland 8.945

Aðalskoðun 9.840

Frumherji 9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 1. janúar 2013



BÆTTU SMÁ ORLANDO Í LÍF ÞITT

Verð frá **41.200*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.400 til 7.200 Vildarpunkta aðra leiðina.

Hugurinn getur skopað víðar en á Skólavörðuholtinu

Einhverju sinni var kveðið kátt þegar vel lá á ungum Reykvíkingum og þeir stytta sér stundir á holtinu upp frá Tjörninni. En langt í suðri, undir skínandi sól, dunar líka fjörið í Orlando og opnast heill ævintýraheimur með skemmtun og upplifun fyrir alla fjölskylduna. „Ofvitanum“ þótti „smúkt“ í grennd við Skólavörðuna – en Orlando slær það allt út.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

   Vertu með okkur

ICELANDAIR



* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



Sigga bæjarlistamaður sýnir í Eiðissskeri

Sigríður Heimisdóttir hönnuður er bæjarlistamaður Seltjarnarnes-bæjar 2013. Tilnefning hennar var kunngjörð laugardaginn 26. janúar sl. og er hún sautjándi Seltirningurinn til að hljóta þessa nafnbót og sá fyrsti sem kemur úr heimi hönnunarinnar.

Í tilefni af tilnefningunni var opnuð sýningu á ljósahönnun Sigríðar eða Siggu eins og hún er oftast kölluð í Eiðissskeri, sýningarsal Seltirninga á safnanótt föstudagskvöldið 8. febrúar sl. Á sýningunni eru ólík lýsingarform kynnt bæði í hefðbundnum stíl og einnig óhefðbundin. Við opnunina fjallaði Sigga um

hönnun sína og veitti leiðsögn um sýninguna. Hún beindi einkum sjónum að þeim ótæmandi aðferðum og leiðum sem hægt er að nálgast í ljósahönnun og lýsingu. Eitt af nýrri ljósum hennar er með einota lýsingu, sem dugar í nokkur ár. Í dag er hönnun ljósa ekki síður unnin út frá fagurfræðilegum gildum en notagildi þeirra. Í tilefni sýningarinnar var einnig efnt til fyrir fjölskyldusmiðju þar sem fólki var gefin kostur á að vinna undir handleiðslu Siggu Heimis og leiðbeinendum frá Bókasafninu. Í næsta tölublaði Nesfrétta verður ítarlegt viðtal við Sigríði Heimisdóttir bæjarlistarmann.

Selið í söngkeppni Samfés



Gleðisveitin keppti fyrir hönd Selsins í söngkeppni Samfés. Hljómsveitin er skipuð þeim, Sindra Kristjáni, Evu Kolbrúnu, Geir Zoega, Mörту Maríu, Þóru Birgit, Hjalta Þór og Oddi.

Selið tók þátt í undankeppni fyrir söngkeppni Samfés sem fram fór í Mosfellsbæ nú á dögunum. Þar tryggði Selið sér sæti í Söngkeppni Samfés sem haldin verður í Laugardagshöllinni laugardaginn 2. mars.

Það var Gleðisveitin sem keppti fyrir hönd Selsins og tryllti hún hreinlega lýðinn. Hljómsveitin er skipuð þeim, Sindra Kristjáni, Evu

Kolbrúnu, Geir Zoega, Mörту Maríu, Þóru Birgit, Hjalta Þór og Oddi. Stóðu þau sig frábærlega vel og eins og áður kom fram tryggðu þau sæti í aðalkeppni Samfés. Hljómsveitin flutti lagið „Allir Flottir“ (Sir duke) og óskar Selið Gleðisveitinni áfram góðs gengis og mætum við með fríðan hóp unglinga þeim til stuðnings á Samfés hátíðina „Samfestingurinn“.



Stólpar & MP banki Viðskipti í stöðugri uppbyggingu

Stólpar hafa skýra sýn á það hvernig á að byggja til framtíðar. Þeir vita að það kostar þekkingu, fé og fyrirhöfn að reisa hús. Skýr framtíðarsýn skiptir öllu máli í rekstri fyrirtækja.

Þess vegna eru Stólpar í viðskiptum hjá okkur.

mp banki
banki atvinnulífsins

Morten Rastad lærði til matreiðslu-meistara hjá einu virtasta og besta veitingahúsi Danmerkur, Molskroen. Hann hóf síðan starfsferil sinn sem sous-chef á veitingahúsinu Fru Larsen sem er staðsett nálægt Árósum. Þar er lögð áhersla á besta fáanlega hráefni sem ræktað er í héraði og í náinni samvinnu við framleiðslubændur.

Morten Rastad sem er upprennandi stjarna í danska matargerðarheiminum er ástríðukokkur. Hann leggur mikla áherslu á ferskleika og að uppruni hráefnis skili sér með klassískum hefðum í endanlegu útfærslunni. Morten var m.a. fenginn til að kynna danska matargerðarlist á Ólympíuleikunum.

27.2. – 3.3. 2013

Food'n Fun

Food 'n Fun Menu á Höfninni

Humar sellerírot, fjallagrös og harðfiskur
Ristaðir humarhalar undir sýrðri sellerírot með stökkum fjallagrösnum, ferskum kryddjurtum og harðfisk.

Porskur grænkál, hunang og söl
Hunangsgljáður þorskhnakki ásamt grænkáli á tvo vegu með smjörsoðu og þurrkaðri söl.

Lamb bygg, bris og villtir sveppir
Lamb á þrjá vegu, reykt, grafið og langtímaeldað, „Byggotto“ með fræjum og höfrum ásamt kálfabrasi, soðsoðu og villtum sveppum.

Skyr bláber, blóðberg og gin
Ferskur skyrís með bláberjaklaka ásamt sítrónublóðbergi, ölbakstri og gini.



Íslenski veitingastaðurinn við Reykjavíkurhöfn
Geirsgötu 7c - Sími 511 2300
www.hofnin.is

Við runnum sjálfkrafa inn í þetta

Systurnar Fanney og Harpa Snædis Hauksdætur eru bornir og barnfæddir Nesbúar og hafa búið í sam- an húsinu frá því að þær fæddust. Þær eru dætur Hauks Geirmunds- sonar íþrótt- og tómsundafull- trúa Seltjarnarnesbæjar og Guð- rúnar Brynju Vilhjálmsdóttir. Þær hafa erfð íþróttáhuga föður síns og hafa verið að gera góða hluti að undanfögnu. Harpa Snædis er 24 ára, stundar fimleika af fullum krafti og er hluti af Evrópumeist- araliði Gerplu, en Fanney er aðeins yngri eða 20 ára hefur tekið til við kraftlyftingar og náð ótrúlegum árangri í bekkpressu þar sem hún lyftir nú tvöfaldri þyngd sinni og er Íslandsmeistari í bekkpressu. Nesfréttir hittu þær systur að máli á dögnum.

Þær byrjuðu báðar í fimleik- um þegar þær voru um fjögurra ára gamlar og æfðu af fullum krafti fram á unglingsár. Fanney hætti í fimleikunum þegar hún var í tíunda bekk í grunnskóla, en fór þá í samkvæmisdansa og síðan í kraftlyftingarnar sem hún stundar nú af fullum krafti. Hún segir tals- verða breytingu að fara úr fingerö- um hreyfingum fimleikanna yfir í kraftlyftingarnar. Þó er það líkt með fimleikana og kraftlyftingarnar að það er mikilvægt að æfingarnar séu gerðar rétt og hafi Ásmundur Símonarson og Ingimundur Björgvins- son einkaþjálfarar í World Class á Seltjarnarnesi hjálpað sér mikið með kraftlyftingarnar. Fimleikarnir geri það þó að verkum að líkaminn sé betur búinn undir átökin í bekk- pressunni og í raun einhver besta undirstaða fyrir flestar íþróttgrein- ar. Ekki þurfi mörg ár í fimleikum til þess að búa líkamann undir hvers- konar íþróttþjálfun.

Gamla þjálfunin er til staðar

Harpa var í áhaldafimleikum, og keppti lengi vel með landsliðinu,



Systurnar Fanney og Harpa Snædis Hauksdætur afrekskonur af Seltjarnarnesi.

en hætti þegar hún var við nám í Menntaskólanum við Sund, en hef- ur nú tekið þráðinn upp að nýju og nú í hóp fimleikum. Hún segist hafa verið fljót að ná sér upp að nýju, eftir að hún ákvað að koma á æfingu í fimleikdeild Gerplu. Gamla þjálfunin sé enn til staðar og kunn- áttan gleymist ekki. Því sé lítið mál að byrja aftur vegna þess að hafi maður einhverju sinni tileinkað sér fimleikana sé undirstaðan til staðar. Málið sé að ná styrknum upp aft- ur og þá skipti markvissar æfingar og rétt og hentugt mataræði miklu máli. Harpa keppti með landsliðinu í hóp fimleikum á Evrópumóti í Sví- þjóð í lok árs 2012. Þar voru þær Evrópumeistarar til sinn og urðu Evrópumeistarar í annað sinn í röð.

Líðið hennar Hörpu vann einnig Norðurlandameistarar til í hóp fim- leikum 2009 og 2011.

Borða hvað sem er en allt í hófi

Þær systur segjast borða nánast hvað sem er en allt í hófi og velja úr það sem er hentugt fyrir íþróttirnar. Þær segjast alltaf borða hafragraut á morgnana, Mamma þeirra hafi komið þeim upp á að borða hann en nú sé líka mikil vakning fyrir hafr- grautnum. Hann hafi komið sterkur inn með fitnessvæðingunni. Fanney tekur fram að í kraftlyftingunum sé keppt í þyngdarflokkum og því verið að gæta þess að halda sig innan rétt- ara þyngdarmarka.

En hvað er framundan hjá þeim systur. Harpa segir íslenska tíma- bilið vera næst á dagskrá. Að taka mótin hér heima, Íslandsmótið og fleiri mót og svo verður stefnan tekin á Norðurlandamót í nóvem- ber á þessu ári. Fanney er að und- irbúa sig fyrir Norðurlandamót unglunga í kraftlyftingum sem fer fram á Íslandi á 23. febrúar næst- komandi. Hún kveðst verða að ná lágmarkum fyrir þessi stóru alþjóð- legu kraftlyftingamót og segir stefnu- na tekna á þau. Að öðru leyti er Harpa í háskólanámi á síðast ári í mannfræði, en Fanney varð stúdent frá Menntaskólanum við Sund síð-

astliðið vor og er að hluta í námi í Háskólanum og að þjálfá fimleika hjá Gróttu. Fanney segir þjálfunina mjög skemmtilega og haldi henni ennþá svolítið tengda fimleikaheiminum. Þær vinna báðar hlutastarf í sund- laug Seltjarnarness þar sem þær eru sundlaugaverðir, en Harpa vinnur einnig í heilidsölunni hjá mömmu þeirra.

Runnum sjálfkrafa inn í þetta

Þær systur segjast hálf uppald- ar í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi. Kom aldrei annað til greina en að fara þessa braut. Þær segjast koma úr íþróttafjölskyldu. Faðir þeirra Haukur Geirmundsson var í lands- liðinu í handbolta, og þjálfaði af full- um krafti eftir sinn feril. Þær segjast báðar muna vel eftir því þegar þær fóru með pabba að þjálfá á kvöldin, og fengu að horfa á. Fjölskyldan öll hefur meira og minna verið tengd íþróttunum. Eldri systur þeirra, Mar- grét Aðalheiður og Arna Dröfn voru í fimleikum þegar þær voru yngri og Vilhjálmur bróðir þeirra prófaði það einnig, en lagði seinna stund á hand- bolta og fótbolta. Mamma þeirra seg- ir oft í kaldhæðni að hún hafi verið efnileg í mörgum íþróttum en hvergi góð, hún var þó lengst af í handbolta. Þær segjast eiginlega hafa runn- ið sjálfkrafa inn í fimleikana en hafa verið ánægðar og þess vegna hald- ið áfram. Mamma þeirra sat lengi í stjórn og var ein af stofnendum fim- leikadeildarinnar. Trúlega sé eitthvert íþróttagen í þeim en áhuginn komi úr báðum ættum. Fanney segir að amma sín, Fanney Ófeigsdóttir, hafi til að byrja með haft áhyggjur af útliti hennar þegar hún fór að æfa kraftlyft- ingarnar. Haldið að hún yrði stór og mikil, en það sé röng ímynd sem búið sé að gefa af þessari íþróttagein. Kraftlyftingarnar séu innan ÍSÍ og því engin ólögleg efni notuð. Kraftlyft- ingadeild Gróttu var einmitt stofnuð fyrir ekki svo löngu síðan og þar æfir fyrst og fremst flott fólk á öllum aldri í kjörþyngd. Þær segja báðar að það sé einkum áhuginn sem skapi þetta og þegar vel gangi vilji maður meira og meira. Ekki sé á dagskrá að hætta og ekkert sé því til fyrirstöðu að vera í íþróttunum til fimmtugs að minnsta kosti, íþróttir eru lífstíll. Þetta sé allt önnur umbun en að ganga vel í skóla og mikill félagsskapur fylgi íþróttalíf- inu. Þetta sé líka besta forvörnin fyr- ir ungmenni sem til sé í dag. Íþrótt- áttataka seinki því oft að ungmenni fari á djammíð þótt það þurfi ekki að vera óhollt sé það gert í hófi. Þetta sé alltaf spurning um gullnu regluna. Að allt sé gott í hófi.

Fellihýsi til sölu



Viking fellihýsi árgerð 2004 til sölu. Með sólar sellu, gasmiðstöð, og markísu. Nánari upplýsingar í síma 895 8298.

NÝTT Á ORKUNNI OG SHELL

www.orkan.is/thin-stod



2 kr. viðbótarafsláttur á Pinni stöð


Veldu bensínstöð að eigin vali á www.orkan.is og fáðu **2 krónu viðbótarafslátt** á þeirri stöð, ofan á þann afslátt sem þú hefur í dag*.

Sjá nánar á www.orkan.is.



5 kr.
lágmarksafsláttur
á Pinni stöð

Orkan á Seltjarnarnesi



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!

*Almennur afsláttur korthafa/lykilhafa að viðbættum 2 kr. viðbótarafslætti á Pinni stöð er aldrei meiri en 10 kr. Afsláttur á Pinni stöð bætist t.d. ekki við upphafsafslátt, afmælisafslátt, Ofurdag eða önnur sérstæk afsláttarkjör.

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

Elisabeth Zeuthen Schneider og Guðný Guðmundsdóttir í Seltjarnarneskirkju

Elisabeth Zeuthen Schneider og Guðný Guðmundsdóttir koma fram á tónleikum í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 24. febrúar kl. 16. Þær teljast til fremstu fiðluleikara á Norðurlöndum.

Á efnisskránni er Norræn rómantik, sönötur eftir LeClaire og Prokofiev fyrir tvær fiðlur, fiðludúettar eftir Bartók og margt fleira. Píanóleikari á tónleikunum er Richard Simm.

Elisabeth er einn kunnasti fiðluleikari Danmerkur og hefur verið aðstoðarkonsertmeistari í nokkrum helstu hljómsveitum þar, en kennir nú við Konunglegu Akadémíuna. Hún hefur gefið út fjölda geisladiska, t.d. öll einleiksverk Bachs fyrir fiðlu, allar Schumann sönöturnar, og mikið af norrænum óþekktum verkum. Í nóvember sl. kom út með henni diskur með öllum 12 sönötum Correllis og fékk hann frábæra dóma. Elisabeth er hingað komin til lands



Elisabeth Zeuthen Schneider og Guðný Guðmundsdóttir.

til að halda mastersnámskeið við Listaháskólann. Tónleikar tríósins eru ókeypis og öllum opin meðan húsrúm leyfir.



Steingerður stýrði umræðum um Parísarkonuna

Einn af föstu liðum Bókasafnsins á Seltjarnarnesi eru mánaðarleg stefnumót Bókmenntafélagsins fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 19:30. Í febrúar kom Steingerður Steinarsdóttir bókasafnsfræðingur með meiru og stýrði umræðunum um bókina Parísarkonuna eftir Paula McLainum, sem fjallar um eina af eiginkonum Hemingways.

Umræður rötuðu vítt og breitt og ljóst að hópurinn naut góðs af gjörþekkingu Steingerðar um efnid og rithöfundinn umdeilda. Þriðjudaginn 5. mars verður næsta stefnumót Bókmenntafélagsins en þá verður tekin fyrir bókina Ljósmodirinn eftir Eyrúnu Ingadóttur. Áhugasamir eru hvattir til að mæta.



SELTJARNARNESBÆR

Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Í samræmi við 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Breyting á deiliskipulagi Vesturhverfis vegna Melabrautar 33. Breytingin er stækkun byggingarreits til norðurs.
2. Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis vegna Miðbrautar 22. Breytingin er stækkun á byggingarreits til austurs.
3. Breyting á deiliskipulagi Vesturhverfis vegna Miðbrautar 34. Breytingin er hækkun um 1/2 hæð þ.e.a.s valmapak með mæni 2,7 m yfir núverandi þaki.
4. Sameining og breyting á deiliskipulagi Suðurstrandar og Hrólfsskálamels. Helsta breyting er stækkun byggingarreits fyrir fimleikahús og tilfærsla göngustíga.
5. Deiliskipulagi að Bygggarðsvæði. Þar er gert ráð fyrir átta einbýlishúsum, fjórum raðhúsum með 4-6 íbúðum, með samtals allt að 24 íbúðum, þremur fjölbýlishúsum með u.þ.b. 114 íbúðum og opnu svæði, sem liggur utan lóða, m.a. göturými, göngustíga og opið svæði sem þjónar útivistar- og leikvallarþörf hverfisins. Tvær heitavatns borholur eru innan deiliskipulagssvæðisins, þær eru í fullri notkun. Þeim er ætluð lóð og helgunarsvæði.

Deiliskipulagið verður til sýnis á bæjarskrifstofum Seltjarnarness að Austurströnd 2, virka daga frá kl. 8:00 til 14:00, frá 14. febrúar til og með 3. apríl 2013.

Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.seltjarnarnes.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til þjónustuværs í bæjarskrifstofunum á Seltjarnarnesi eigi síðar en 2. apríl, 2013. Þeir sem gera ekki athugasemdir við skipulagstillögu fyrir þann tíma teljast samþykkir henni.

Seltjarnarnesi, 14. febrúar 2013.

Skipulags- og byggingarfulltrúi á Seltjarnarnesi
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes.

VILTU SELJA? FRÍTT VERÐMAT

- Frítt verðmat án skilyrða um sölu
- Þú greiðir ekkert ef eignin selst ekki
- Hafðu samband - við höfum tíma fyrir þig



Guðbjörg Gylfadóttir
löggiltur fasteignasali



Ísak V. Jóhannsson
sölustjóri

HAFIÐ SAMBAND Í GSM 822 5588 EÐA ISAK@TINGHOLT.IS

FASTEIGNASALA Í
35 ÁR





Vilborg Arna Gissurardóttir með íslenska fánann á Suðurljónum.

Vilborg Arna talar um pólförina í Opnu húsi

Vilborg Arna Gissurardóttir pólfari heldur fyrirlestur í Opnu húsi í Seltjarnarneskirkju þann 21. febrúar nk. kl. 20:00 undir heitinu „Líf-spor, sóló á suðurljónum.“ Opið hús er samstarfsverkefni Seltjarnarnesbæjar, Seltjarnarneskirkju, foreldrafélaga leik- og grunnskóla, ungmennaráðs og Gróttu, og er opið öllum bæjarbúum. Aðgangur er ókeypis.

Vilborg Arna Gissurardóttir er fyrsti Íslendingurinn sem náð hefur að ganga einsamall á Suðurljónum. Ferð hennar frá Hercules Inlet á syðsta punkt jarðar tók 60 daga og á hverjum degi gekk hún um

19 km að meðaltali. Hún dró á eftir sér tvo sleða með nauðsynlegum búnaði til fararinnar sem vó í byrjun rúmlega 100 kg. Aðstæður til pólögngu voru á köflum erfðar, nýsnævi, mikill kuldi, lítið skyggni og hvassviðri sem myndaði háa rifskafli. Vilborg þurfti líka að takast á við magakveisu og væg kalsár á lærum. Hún bar sig þó vel og sýndi ótrúlegt þrek, hugrekki, áráðni og jákvæðni. Í fyrirlesturinum mun Vilborg segja frá ferðinni, áskorunum sem urðu á leið hennar og hvernig hún tókst á við þær með gildin sín að leiðarljósi.

www.borgarblod.is

Greiða lægst verð fyrir hitaveituna

Í Reykjavík kostar 60.000 krónur að hita upp 100 fermetra íbúð ef miðað er við 360 rúmmetra notkun á ári en kostnaðurinn nam 56.900 krónum á sama tíma í fyrra. Hækkunin nemur því 5% milli ára en hækkunin er 18 % frá árinu 2010. Á Seltjarnarnesi er sami kostnaður 33.600 krónur á ári en var 29.200 kr. í október 2010. Næstlægst, á eftir Seltjarnarnesi, kemur Norðurorka Ólafsfirði með 45.600 krónur á ári. Mesta hækkun fyrir meðalheimilið síðan í október 2010 er í Mosfellsbæ. Þar hefur kostnaðurinn aukist um tæpar 15.000 krónur á ári sem er 38% hækkun.

Þetta kemur fram á Orkuvaktinni en þar er fylgist með gjaldskrá

hitaveitna og nú hefur verið tekið saman þróun gjaldhækkana nokkurra hitaveitna frá október 2010 til janúar 2013. Þar kemur fram að verð á heitu vatni í Reykjavík er ennþá tæplega 60% herra en hjá nágranna-sveitafélaginu Seltjarnarnesi sem býður sem fyrr sínum viðskiptavinum ódýrasta vatnið á suðvesturhorninu. Á vefnum orkuvaktin.is var skoðað hvort breyting hefði orðið á fastagjaldi mæla og þar hafa hækkunarir síðustu 12 mánuði mestar verið hjá OR eða 9% á meðan flestar aðrar veitur hafa hækkað þau um 4 til 5%. Fastagjöldin eru mjög breytileg eftir hitaveitu, eða frá 6.864 kr. á Seltjarnarnesi til 27.288 kr. í Fjarðabyggð.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlhlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kístur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmöðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Fáðu áminningu

Skráðu þig á póstlistann okkar þegar þú kemur í skoðun og veldu í hvaða mánuði þú vilt að við minnum þig á að láta skoða bílinn á næsta ári.

Þú gætir unnið 200 lítra bensínúttekt hjá Atlantolíu eða 50.000 kr. úttekt hjá Þústþjónustu BJB.

Vinningar verða dregnir út mánaðarlega úr skráningum á póstlistann.

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 17 ár



HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM HVAR HENTAR ÞÉR AÐ LÁTA SKOÐA?

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Paulreyndir og þjónustulípirir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!**

www.adalskodun.is

Aðalskoðun

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

Lions færir eldri bæjarbúum flatskjá



Eldri bæjarbúar ásamt Lionsmönnum á Seltjarnarnesi.

Mánudaginn 11. febrúar á bolludaginn komu Lionsmenn á Seltjarnarnesi færandi hendi til eldri bæjarbúa á Nesinu og færðu þeim flatskjá sem settur var upp í félags og tómstunda-aðstöðunni á Skólabraut 3-5. Bragi Ólafsson formaður afhenti skjáinn fyrir hönd þeirra Lionsmanna.

Dágóður hópur eldri borgara var við afhendinguna og þakk- aði fyrir hugulsemi og hlýhug. Í tilefni dagsins var Lionsmönnum boðið í bollukaffi. Bíó-dagar verða annan fimmtudag í mánuði kl. 13.30 og einnig er fólk hvatt til að koma saman og nýta sér þessa glæsilegu gjöf, horfa saman á beinar útsendingar hverskonar, skemmti eða fræðsluþætti. Einnig er DVD spilari til staðar þannig að hægt er að koma með myndir og þætti til sýninga. Ýmislegt hefur drifið á daga eldri bæjarbúa frá áramótum. Síðasta miðvikudaginn í janúar hélt unglingaráð uppteknum hætti og bauð í Selið. Að þessu sinni var boðið upp á félagsvist með smá viðkomu í billjard og þrjóna- mennsku. Buðu þau upp á kaffi og meðlæti með miklum myndarskap. Almenn og gagnkvæm ánægja er með þessar samverustundir eldri og yngri.

Síðasta fimmtudag í janúar var farin óvissuferð og Veðurstofa Íslands heimsótt. Eftir áhuga- verða fræðslu Theodórs Her- varssonar á Veðurstofunni bæði

innan dyra og utan var farið að Kjarvalsstöðum og yfirlitssýning á verkum meistara Kjarvals skoð- uð og endað á því að drekka kaffi á veitingahúsi staðarins.

Kirkjan var með sinn árlega þorramat 5. febrúar og voru yfir 30 eldri bæjarbúar sem tóku þátt. Föstudaginn 8. febrúar var söngur og gleði í salnum á Skólabraut. Trío Ingvars Hólmgæirsonar og söngvar- arnir Rúna og Valdi sungu og skemmtu við góðar undirtekt- ir viðstaddra. Ákveðið var að fá þau aftur í heimsókn með vorinu. Sönghópurinn okkar „gömlu meistarnir“ skemmtir sér og nýtur þess að syngja saman alla föstudaga kl. 14.00. Við hvetjum alla sem áhuga hafa að mæta hvort sem þeir syngja eða ekki. Margir bæra bara varirnar og njóta samverunnar. Sönghópur- inn kemur til með að syngja við Gróttumessu í Seltjarnarnes- kirkju þann 10. mars næstkom- andi með litlu snillingunum og Meistara Jakob.

Farið verður í Borgarleikhúsið miðvikudaginn 27. febrúar n.k. á sýninguna Mýs og menn. Uppselt er á sýninguna. Mjög góð aðsókn er á öll námskeið og uppákomur hjá félagsstarfi eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Dagskrá félags og tómstundastarfsins birtist dag- lega í Morgunblaðinu og er einnig aðgengileg á vef Seltjarnarnes- bæjar. Allar upplýsingar eru gefnar í síma 893-9800 og 595-9147.



Vorgleði Selkórsins

Næstu tónleikar Selkórsins verða haldnir laugardaginn 9. mars kl 16.00 í Dómkirkjunni í Reykjavík.

Kórinn Opus 12 undir stjórn Signýjar Sæmundsdóttur munu leggja Selkórnum lið auk þess leikur Helga Svala Sigurðardóttir á flautu.

Á efnisskránni verða lög tengd vori og gleði eftir íslensk og norræn tónskáld. Sjórnanndi kórsins er Oliver Kentish.

Miðar fást hjá kórfélögum og við inngang Dómkirkjunnar og kosta 2.000 kr.

UMHVERFISHORNID

Búsetuskilyrði góð á Seltjarnarnesi

Samkvæmt árlegri þjón- ustukönnun sem Capacent Gallup gerir meðal 16 sveitarfélaga kemur í ljós að á Seltjarnarnesi eru 95% íbúa ánægðir með búsetuskilyrði bæjarfélagsins. Bærin fær 4,5 stig af 5 mögulegum og er með aðra hæstu einkunn á landinu. Umhverfismál fá 4,3 stig af 5 mögulegum og eru með aðra hæstu einkunnina af sveitarfélögum á landinu. Þetta eru einstaklega ánægjulegar niðurstöður sem undirstrika jákvætt viðhorf bæjarbúa.

Þann 7. febrúar verður haldið íbúabýing um umhverfismál. Nið- urstaða vinnunnar sem fram fer á þinginu mun án efa verða mikil hvatning til áframhaldandi starfs á sömu braut.

Endurvinnslutunnan

Innleiðing endurvinnslutunnu fyrir pappír er liður í að auka flokk- un sorps og þannig í að draga úr urðun úrgangs. Það er til mikils að geta losnað á auðveldan og vist- vænan hátt við pitsukassa og aðra pappakassa, dagblöð, tímarit, aug- lýsingapóst, bækur, fernur undan mjólk, ávaxtasafa og rjóma, skrif- stofupappír, gjafapappír, morg- unkornskassa, eggjabakka og kek- kassa. Í vor verður í samstarfi við Gámaþjónustuna sendur út kyn- ningarbæklingur um innleiðingu endurvinnslutunnunnar. Markmið-

id er að fá sem flesta íbúa bæjarfé- lagsins til að taka þátt.

Merking bátavara
Umhverfisnefnd hefur átt ánægjulegt samstarf við Lions- klúbb Seltjarnarness um merkingu bátavara. Í fyrra voru fimm báta- varir merktar en í ár stendur til að merkja þrjár bátavarir. Þá eru skildir á nokkrum staurum orðn- ir slitnir og stendur því til að laga suma þeirra.

Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi

Fornleifaskráning á Seltjarn- arnesi stendur á gömlum merg en sveitarfélagið var eitt hið allra fyrsta á landinu til að framkvæma skipulega fornleifaskráningu, nán- ar tiltekið kringum 1980. Á vef Sel- tjarnarnesbæjar er skýrsla sem ber heitið Fornleifaskráning á Sel- tjarnarnesi. Skýrslan er unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Rún- arí Leifssyni og var hún gefin út af Fornleifastofnun árið 2006. Sam- kvæmt skýrslunni eru 324 minja- staðir á Nesinu, þar af eru nitján staðir sem þykja fyrir einhverra hluta sakir sérstaklega áhugaverð- ir. Umhverfisnefnd mun á næstunni kynna þessa staði nánar.

F.h. umhverfisnefndar
Seltjarnarness
Margrét Pálsdóttir, formaður

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Katrín Júlíusdóttir skrifar:

Aukin verðmætasköpun er stærsta verkefnið

Nú þegar þessi orð eru rituð eru tæpir þrjú mánuðir til Alþingiskosninga. Það kjörtímabil sem nú er að renna sitt skeið á enda hefur einkennt af erfiðum málum og miklum deilum þar sem tekist hefur verið á um endurskipulagningu íslensks samfélags. Nú þegar við sjáum til lands í ríkisfjármálum er næsta verkefni okkar að auka verðmætasköpun í samfélaginu. Þannig aukum við umsvif í hagkerfinu sköpun fleiri störf og öflum ríkissjóði tekna sem hann getur nýtt til endurgreiðslu skulda.

Hvatt til fjárfestinga

Hvorki ríkisstjórn né Alþingi skapa í sjálfu sér störf. Okkar hlutverk er að skapa skilyrði til vaxtar og nýsköpunar. Vexti okkar mikilvægustu auðlinda greina eru náttúruleg takmörk sett svo til framtíðar þurfum við í auknum mæli að reiða okkur á virkjun hugvitsins, einu raunverulega ótæmandi auðlindarinnar.

Fyrsta rammalöggjöfin um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi var sett sumarið 2010. Í kjölfarið hófst ítarleg úttekt á því hvernig staðið hefur verið að því að laða hingað til lands beina erlenda fjárfestingu. Útkoman varð fyrsta stefnumótun stjórnvalda um beinar erlendar fjárfestingar, samþykkt sem þingsályktun, sem nú er unnið að því að fylgja eftir. Þar er stefnan sett á aukna fjölbreytni og fjárfestingar sem flytja með sér nýja þekkingu og tækni til landsins.

Endurgreiddur þróunarkostnaður og efling samkeppnissjóða

Lög um endurgreiðslu skatta vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðurs hefur verið lyftistöng fyrir fjölmörg fyrirtæki og stuðlað að vexti þeirra. Hvatning til fjármögnunar nýsköpunarfyrirtækja gegnum skattafslátt vegna hlutabréfakaupa er í vinnslu eftir athugasemdir ESA við fyrri útfærslu. Efling Tækniþróunarsjóðs og Rann-

sóknarsjóðs um 500 milljónir kr. á ári og 200 milljónir kr. til markáætlaða gefa fjölmörgum frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum tækifæri til að þróa verðmæta vöru og þjónustu. Við sjáum mikilvægi stuðningsins við hugverkageirann m.a. í vexti skapandi greina á borð við kvikmyndaiðnaðinn og tölvuleikjageirann.



Katrín Júlíusdóttir.

Efling stoðkerfis atvinnulífsins

Sameining smærri ráðuneyta í eitt öflugt ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar skapar ný sóknarfæri til að einfalda og efla stoðkerfi atvinnulífsins og hvetur okkur til að líta á allar atvinnugreinar sem sóknarfæri til framtíðar

Tjaldað til fleiri en einnar nætur

Heildstæð auðlindastefna og orkustefna miða að því að nýta auðlindir okkar með sjálfbærum hætti og tryggja að auðlindaáðurinn renni til eflingar innviða og fjölbreyttara atvinnulífs. Markmið um ábyrgð í ríkisrekstri, niðurgreiðslu skulda og gjaldeyrisjöfnuð miða að því að skapa jákvæð skilyrði fyrir fjárfestingu og verðmætasköpun. Um leið og svigrúm gæst erum við að auki að lækka tryggingagjaldið um 0,1 prósentustig til að draga úr launatengdum kostnaði fyrirtækja. Þetta sambengi útgjalda, tekna og áhrifa á allt atvinnu- og efnahagslíf er mikilvægt að hafa í huga þegar deilt er um einstök útfærsluatriði í því mikla verkefni sem ríkisstjórnin hefur tekist á við allt frá hrúni.

Höfundur er fjármála- og efnahagsráðherra.



Glæsilegur hópur frá kraftlyfingadeild Gróttu á Íslandsmeistaramóti í bekkpressu.

Fimm gullverðlaun á Íslandsmeistaramóti

Gróttu kom sá og sigraði á Íslandsmeistaramóti í bekkpressu sem fór fram 19. janúar sl. en það var partur af Reykjavíkurlaikunum 2013. Með hrikalegum lyftum og rosalegum anda náðu keppendur Gróttu í fimm gullverðlaun, þrjú silfur og eitt brons. Grjótharðir stuðningsmenn Gróttu mættu á svæðið og lá við að þakið rifnaði af kofanum þegar Gróttukeppendur tóku sínar lyftur, svo mikil voru lætin. Árangur Gróttumanna var frábær eins og endranær en þeir settu alls fimm Íslandsmet og mun fleiri persónuleg met.

Fanney Hauksdóttir hlaut stigabikar kvenna og er þar með Íslandsmeistari í bekkpressu 2013. Hún lenti jafnframt í öðru sæti í stigakeppni Reykjavíkurlaikanna. Ingimundur Björgvinsson mætti hrikalega öflugur til leiks og tvíbætti Íslandsmetið í 105 kg flokki. Hann endaði á að vippa léttilega upp 240 kílóum sem tryggði honum sigur í þyngdarflokkinum ásamt þriðja sæti í

stigakeppninni. Þá sigraði Gróttu í stigakeppni liða og er þar með Íslandsmeistari í bekkpressu annað árið í röð.

Árangur keppenda var eftirfarandi:

-47 kg flokkur: Hafdís Huld Sigurðardóttir, 1. sæti með 65,5 kg (Íslandsmet).

-52 kg flokkur: Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, 1. sæti með 71 kg (Íslandsmet).

-57 kg flokkur: Solveig H. Sigurðardóttir, 2. sæti með 55,0 kg.

-63 kg flokkur: Fanney Hauksdóttir, 1. sæti með 100 kg (Íslandsmet unglunga).

-72 kg flokkur: Arnhildur Anna Árnadóttir, 2. sæti með 90 kg.

-72 kg flokkur: Brynhildur L. Björnsdóttir, 4. sæti með 60 kg.

-83 kg flokkur: Aron Teitsson, 1. sæti með 215 kg (Íslandsmet).

-93 kg flokkur: Sigurður Örn Jónsson, 2. sæti með 140 kg.

-105 kg flokkur: Ingimundur Björgvinsson, 1. sæti með 240 kg (Íslandsmet).

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

KEFLAVÍK » ÓSLÓ frá 9.900

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » BILLUND frá 17.480

Með sköttum, aðra leið

KEFLAVÍK » KÖBEN frá 9.900

Með sköttum, aðra leið



Meistaraflokkur byrjar vel

Meistaraflokkur Gróttu í fótbolta hefur farið vel af stað í vetur undir stjórn þeirra Ólafs Brynjólfssonar og Jens Elvars Sævarssonar. Hópurinn hefur æft vel og spilamennska liðsins verið góð í æfingaleikjum.

Vefsíðan Fótbolti.net stóð fyrir æfingamóti í janúar og febrúar þar sem Gróttu var á meðal þátttökuliða. Gróttumenn voru með fullt hús í riðlinum eftir að hafa sigrað Aftureldingu, BÍ/Bolungarvík og Grindavík og mættu liði Hauka í úrslitum, þar tapaði Gróttu í vítaspyrnukeppni. Það er staðreynd



að um æfingamót var að ræða en einnig ljóst að það er bjart framundan ef áfram heldur sem horfir hjá Gróttuliðinu.

Pétur og Pétur á landsliðsæfingum

Gróttu átti 3 glæsilega fulltrúa á úrtaksæfingum KSÍ í byrjun febrúar.

Pétur Steinn Þorsteinsson æfði þá með U-17 ára landsliðinu og nafni hans Pétur Theodór Árnason með U-19 ára liðinu. Þar var Davíð Fannar Ragnarsson einnig valinn

en gat því miður ekki tekið þátt vegna meiðsla. Pétur Steinn er 15 ára gamall og er því á eldri ári í 3. flokki. Davíð er 16 ára og í 2. flokki líkt og Pétur Theodór sem hefur unnið sér fast sæti í meistaraflokknum í vetur með góðri frammistöðu í æfingaleikjum liðsins.



Sex lið á Ákamóti

Ákamót HK í 7. flokki karla fór fram um síðustu helgi. Mótið var haldið í Íþróttahúsinu Kórnum í Kópavogi og er þetta í 17. skipti sem þetta mót er haldið. Um er að ræða stærsta handboltamót í landinu þar sem yfir 1000 keppendur taka þátt. Gróttu sendi sex lið til keppni úr 7. flokki drengja en talsverð fjölgun hefur verið í flokknum að undanförunu. 33 keppendur mættu fyrir hönd félagsins og stóðu sig vel.

Í 7. flokki er leikið samkvæmt minni-boltareglum HSÍ þar sem fjórir leik-

menn eru inn á hverju sinni og þátttaka hvers leikmanns hámarkuð. Markar-skor er ekki talið þó að margir keppismenn leggi það á minnið í leiknum. Aðalatriðið er þó að minnast þess að þetta er leikur, sérstaklega í þessum flokki og mikilvægt að þetta er gaman. Gróttudrengirnir stóðu sig mjög vel og öttu kappi við fjölmörg lið um helgina. Drengirnir hafa bætt sig með hverju mótinu í vetur og greinilegt að æfingin skilar sér. Næsta mót hjá drengjunum er á Selfossi í lok apríl og er mikil tilhlökkun hjá drengjunum fyrir það mót.

Mikið um að vera í handboltanum



Góðum sigri fagnað hjá meistaraflokki kvenna.

Meistaraflokkar Gróttu í handknattleik hafa staðið í ströngu undanfarnar vikur. Meistaraflokkur kvenna leikur í N1-deildinni og hefur þegar þetta er skrifað náð flottum úrslitum frá áramótum. Liðið tapaði naumlega gegn ÍBV og Íslandsmeisturum Vals en unnu Hauka í deild og 16 liða úrslitum bikarsins. Liðið vann einnig Stjórnuna í frábærum leik.

Gróttuliðið er á mikilli siglingu og gaman verður að fylgjast með því á næstu vikum og mánuðum. Karlalið Gróttu leikur í 1. deildinni. Það er sama uppi á teningnum hjá þeim, þeir hafa staðið sig vel frá áramótum og mikill stígandi í leik þeirra. Framundan eru spennandi og skemmtilegir leikir sem

stuðningsmenn og aðrir áhugamenn eru hvattir til þess að mæta á. Hægt er að fylgjast með næstum leikjum á heimasíðu Gróttu, www.grottasport.is. Þriðji flokkur karla er á fljúgandi siglingu. Í þessum flokki æfa 27 leikmenn sem skiptast í tvö lið. Annað liðið leikur í 1. deild og trónir þar á toppnum um þessar mundir. Gróttu 2 leikur hins vegar í 2. deild og er þar í 3. til 4. sæti en leikur þar við A-lið flestra félaga. Hópurinn er einstaklega samstilltur og gaman að fylgjast með leikjum þeirra. Framundan eru spennandi leikir og geta úrslitin ráðist í síðasta leik deildarkeppninnar hvort Gróttu 1 verður deildar-meistari 1. deildar eða ekki.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Jói dans og Thea stýrðu hátíðarhöldunum af miklum myndarbrag.

Vel heppnað þorrablot Gróttu

Íþróttafélagið Gróttu stóð fyrir glæsilegu þorrabloti Seltirninga laugardaginn 2. febrúar í félagsheimilinu. Yfir 250 manns komu saman í góðu stuði og var dagskráin glæsileg. Boðið var upp á rammíslenskan þorramat frá Veislunni en einnig var á boðstólnum gómsætt lambkjöt og kalkúnn.

Jói dans og Thea stýrðu hátíðarhöldunum af miklum myndarbrag og Þór Sigurgeirsson sló í gegn með drepfyndinni ræðu. Happaðrættis-

miðar seldust upp og voru dregnir út glæsilegir vinningar frá hinum ýmsu fyrirtækjum. Jónsi í svörtum fötum kom og tók lagið og svo setti diskóköngurinn Kiddi Bigfoot punktinn yfir i-ið með dúndrandi dansmúsík fram á rauða nótt. Eins og áður sagði hefur Gróttu veg og vanda að þorrablotinu sem er mikil og góð fjárflyun fyrir félagið. Stemningin var frábær og er ljóst að Seltirningar geta látið sig hlakka til þorrablotsins að ári liðnu.

Yfir 93% finnast gaman á æfingum

Á síðasta ári gerðu Rannsóknir og greining könnun meðal allra ungmenna í 8 til 10. Bekk. Í könnuninni var spurt um viðhorf þeirra til íþróttafélagsins, aðstöðu og þjálfara. Það er skemmt frá því að segja að niðurstöðurnar eru mjög ánægjulegar fyrir Íþróttafélagið Gróttu.

Í könnuninni kemur fram að yfir 93% þeirra sem svöruðu sögðu

að þeim finnast gaman á æfingum, en samsvarandi tala fyrir landið allt er 87%. Þá kom einnig fram í könnuninni að yfir 95% iðkenda sögðu að þjálfarar þeirra legðu áherslu drengilega framkomu og á heilbriggt lífni. Fyrir landið allt svöruðu ca 85% iðkenda á sama hátt. Niðurstöður könnunarinnar má sjá á heimasíðu Gróttu www.grottasport.is



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Eva Björk Davíðsdóttir en hún var nýlega kjörin íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu. Eva er mjög efnileg handboltakona og spilar lykilhlutverk hjá meistaraflokki kvenna þrátt fyrir unga aldur.

Fullt nafn? Eva Björk Davíðsdóttir.

Fæðingard. og ár? 30. júní 1994.

Starf? Nemi við Menntaskólann í Reykjavík.

Bifreið? Toyota Auris.

Helstu kostir? Læt aðra dæma um það.

Eftirlætis matur? Mexíkanskur matur

og svo finnst mér sushi rosalega gott.

Eftirlætis tónlist? Allt með Michael Buble. Annars hlusta ég mest á það sem er vinsælast hverju sinni.

Eftirlætis íþróttamaður? Ég held ég verði að segja Ólafur Stefánsson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Ég er alls ekki nógu dugleg að fylgjast með sjónvarpsþáttum, en þegar ég kemst í það þá eru það aðallega Grey's Anatomy og Friends.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Ég ætти að gera miklu meira af því að lesa en Góða nótt, yndið mitt var mjög góð.

Uppáhalds leikari? Enginn sérstakur

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Þær gerast ekki mikið betri en Forrest Gump. Svo get ég horft á Sister act myndirnar endalaust.

Hvað gerir þú í frístundum þínum?

Fyrir utan það að æfa handbolta, finnst mér mjög gaman að spila á píanó og syngja. Svo reyni ég að taka sem mestan þátt í félagslífinu í skólanum. Annars finnst mér langbest að eyða frítímanum með fjölskyldu og vinum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Grand Canyon í Arizona.



Hvað metur þú mest í fari annarra?

Húmor og jákvæðni.

Hvern vildir þú helst hitta?

Við Mikkel Hansen þurfum aðeins að hittast og fara yfir nokkur atriði.

Uppáhalds vefsíða?

Ég vildi að gæti sagt eitthvað annað en facebook.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Fullt af bensíni.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Þjóa fjölskyldu og vinum í sólarlanda- og/eda verslunarferðir. Svo kæmi sér vel fyrir fátækan námsmann eins og mig að spara afganginn til betri tíma.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Fá H&M á Eiðistorg, ekki spurning.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Spila handbolta eins lengi og líkaminn leyfir og njóta lífsins

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Í sumar fór ég til Gautaborgar með unglingalandsliðinu þar sem við kepptum til úrslita í B-úrslitum. Þá fór ég líka með fjölskyldunni til Benidorm þar sem Þorgeir bróðir minn var að keppa í fótbolta.

Annars naut ég íslenska sumarsins hérna heima til hins ýtrasta, ferðaðist innanlands og skemmti mér með vinum og fjölskyldu.

Á Hjálparmannum 1717 starfa sérþjálfarar sjálfbalíbar sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

PIZZA

Þéttir Þéttir

RESTAURANT

Hringbraut 119

Sími: 55 44444

SUMAR 2013

☆ Almería

ROQUETAS DE MAR

- Tilvalinn sumaráfangastaður
fyrir alla fjölskylduna!

Arena Center ☆☆☆☆

Hlýlegt og fallegt hótél. Val um stúdíóbúðir eða íbúðir með einu svefnherbergi. Á hótelinu er skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa og starfandi barnaklúbbur.

frá **98.468 kr.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá kr. 116.935 fyrir 2 fullorðna í stúdíóbúð. Brottför: 18. júní og heimkoma viku síðar.

UM ALMERÍA:

- ✓ Hagkvæmt verðlag
- ✓ Ekta spænsk menning
- ✓ Glæsilegar gistingar
- ✓ Fjölbreytt afþreying
- ✓ Tilvalið fyrir stórfjölskyldur
- ✓ Frábært verð!

Frábært
verð
í sólina í
sumar!

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar